

Fundargerð 119. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 30. ágúst 2022 kl. 14:00-15:30.
Haldinn í fjarfundi og Skipholti 50b.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Eyrún Björk Valsdóttir, Finnboði Sveinbjörnsson, Karl Rúnar Þórsson, Eva Margrét Kristinsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Einar Mar Þórðarson.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

1. Fundargerð síðast fundar (fskj. 01 Fundargerð 118. fundar)

Afgreiðsla: Fundargerð 118. fundar samþykkt án athugasemda.

2. Óráðstafað af úthlutun ársins (fskj. 02. Endurúthlutun 2022)

Í Skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs segir að auglýsa eigi eftir umsóknum um viðbótarframlag meðal samstarfsaðila sjóðsins að hausti. Mögulegt viðbótarframlag til fræðsluaðila er annars vegar eftirstöðvar frá fyrra ári og hins vegar eftirstöðvar af úthlutun yfirstandandi árs. Til endurúthlutunar eru tæplega 90,9 milljónir – sjá töflu. Umsóknareyðublöð voru send fræðsluaðilum í byrjun ágúst og rennur umsóknarfrestur út 2. september n.k. Verða umsóknir kynntar stjórn á fundi í september.

	Skipting sjóðs	Úthlutun 2022	Óráðstafaðar eftirstöðvar
Námleiðir	485,000,000	484,998,000	2,000
Ráðgjöf	130,000,000	130,000,000	-
Raunfærnimat	160,000,000	159,947,000	53,000
Próunarverkefni	40,000,000	29,994,000	10,006,000
Óráðstafað	14,700,000	-	14,700,000
	829,700,000	804,939,000	24,761,000
Óráðstafað frá fyrra ári			66,100,153
		Samt. til úthlutunar	90,861,153

3. Leiðir til að fjölga námsplássum í starfsnámi í framhaldsskólunum

Starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðherra hefur verið að skoða leiðir til þess að fjölga námsplássum í starfsnámi í framhaldsskólunum. Ein af þeim leiðum er að bjóða eldri umsækjendum raunfærnimat til styttingar á námi, en hluti hópsins hefur ekki lokið formlegu námi. Gæti kerfið tekið við 50-100 einstaklingum í raunfærnimat í haust þar sem markmiðið er að tryggja honum síðan skólavist á vorönn 2023?

Afgreiðsla: Frekari upplýsingar vantar svo sem um menntunarstöðu, fjölda einstaklinga sem mögulega eru reiðubúnir að þiggja þetta úrræði og hvernig á að ná til þeirra. FA verði áfram í sambandi við fulltrúa starfshópsins um næstu skref.

4. Næsta skref – fjármögnun til framtíðar

Eftirstöðvar af IPA lofordi sjóðsins fellt niður 2018. Á þeim tíma voru vonir um að mnn/mms tækju við rekstri vefjarins.

Afgreiðsla: Mikil verðmæti eru falin í Næsta skref og ótækt að framtíð hans sé ekki tryggð. Miðað við núverandi umfang má ætla að rekstur hans kosti um 15 milljónir á

ári, þ.e. laun, forritun og hýsing. Mörg verkefni eru í bið s.s. þýðingar á önnur tungumál, gerð vegvísis (sbr. lið 5 í dagskrá) og áhuga annarra skólastiga m.a. HÍ. FA hvatt til að taka aftur upp umræðu við Menntamálastofnun og ráðuneyti er fara með skóla og menntamál um að vefnum verði tryggð fjármögnun.

5. Umsókn um styrk til Næsta skref um gerð vegvísis. (fskj. 04. Vegvísir)

Afgreiðsla: Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Samningar við styrkþega þróunarverkefna

Stoðkennarinn (*Stoðkennarinn - Íslenska sem annað tungumál*) og TVÍK (*Hönnun sniðmáta fyrir sjálfvirknivædd samtöl og endurgjöf á málnotkun*) hafa áhyggjur af eignahaldi á hugbúnaði (kóða) verkefnanna. Orðalag í samningi um afnotarétt Fræðslusjóðs af efni sem hlýtur styrk er ekki skýrt þegar að þessu kemur. Báðir styrkþegar hafa óskað eftir að afstaða sjóðsins og þar með orðalag í samningnum verði skýrt.

Tillaga: Eftir samtöl við styrkþega hefur komið fram eftirfarandi tillaga að viðbót/breytingu á orðalagi á 3. grein samnings um afnotarétt Fræðslusjóðs af afurðum sem hljóta þróunarstyrk úr sjóðnum. Tillagan hljóðar þannig:

Ef um er að ræða gagnvirkt efni sem byggir á forritunarkóða og mögulega gagnagrunni, þarf ekki að láta forritunarkóðan né gagnagrunn af hendi, heldur nægir að tryggður sé aðgangur að efninu sjálfu í þann tíma sem samningur þessi gildir. Ef forritið sem fenginn var styrkur til að búa til má tengja við stærri heild, þá er þess ekki krafist að veittur sé aðgangur að heildarpakkanum, heldur verður þá að búa svo um efnið að það má nýta eitt og sér og þá án þeirra eiginleika sem heildarpakkinn býður upp á.

Sjá samninginn um afnot Fræðslusjóðs af afurðum sem hljóta þróunarstyrk í fylgiskjölum. (fskj. 05. Um afnot Fræðslusjóðs).

Afgreiðsla: FA kanni hvernig þessum málum er háttað hjá Rannís. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

7. Fjölmennt-Aðgengi fatlaðs fólks að námsleiðum FA (fskj. 06. Fjölmennt)

Afgreiðsla: Framkv.stj. FA fór yfir bréf Fjölmenntar. Ljóst er að mun ekki liggja fyrir lausn á því fyrr en endurskoðun laga um framhaldsfræðslu er lokið og þar með endurskoðað hlutverk og skilmálar Fræðslusjóðs.

8. Erindi frá samstarfsaðilum

- a. Mímir-símenntun – ósk um flutning milli flokka – frá rfm á ráðgjöf.

Afgreiðsla: Samþykkt. FA upplýsi Mími-símenntun um afgreiðsluna.

- b. Þekkingarnet Þingeyinga – um framlög til ráðgjafar og aksturs (fskj. Þekk.Þing.Ráðgjöf)

Afgreiðsla: FA leiti upplýsinga hjá Þekkingarneti Þingeyinga um hvort ekki sé gerlegt að skipuleggja og framkvæma ráðgjöfina með öðrum hætti, svo sem aukinni rafrænni ráðgjöf. FA einnig beðið að kanna frekar hver árangur af ráðgjöfinni hafi verið; hvort og þá í hvaða úrræði ráðþegum sé vísað eða þeir leiti í.

9. Önnur mál

- a. Formaður fór fram á að stjórn skildi hittast amk tvisvar á ári augliti til auglitis. Næst skildi þetta fyrirkomulag verða þegar úthlutun til ársins 2023 verður afgreidd, sem stefnt er á að verði í október, verði fjárlagafrumvarp komið fram og þar með áætlað framlag til sjóðsins.

- b. Fram kom hjá fulltrúa félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins í stjórn sjóðsins að ráðherra hefði lagt til í ríkisstjórn að sú breyting verði gerð á skipan stjórnar sjóðsins að í stað fulltrúa félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins í stjórn sjóðsins komi fulltrúi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að þessi breyting taki gildi fljótlega eftir að þing kemur saman í haust og að nýr fulltrúi taki sæti í stjórn þegar skipunarbréf hafi verið gefið út.